

## Skólaráðsfundur 10. apríl 2019

Fundinn sátu: Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir 7.b, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Skóladagatal.

Rætt um skóladagatal næsta árs og fyrirkomulag jólaleyfis. Á starfsmannafundi var kom fram eindreginn vilji til að hafa jólaleyfi með hefðbundnum hætti í stað þess að fara einum degi fyrir jólaeyfi og byrja aftur 3. janúar. Síðasti skóladagur fyrir jól verður því 20. desember og skólastarf hefst aftur mánudaginn 6. janúar. Rætt um staðsetningu seinni viðtalsdags. Ákveðið að ræða það nánar í starfsmannahópnunum. Skólaráð gerir engar athugasemdir við skóladagatalið.

### Skólaeldhús.

Skólastjóri upplýsti skólaráð um að verið er að skoða hvort breyta eigi skólaeldhúsinu úr móttökueldhúsi í framleiðslueldhús. Skólaráð telur eðlilegt að fá málið til umsagnar áður en ráðist verður í einhverjar breytingar. Í tengslum við umræðu um málið var rætt um afar slæma lykt sem finnst víða í skólahúsinu á ýmsum tímum og ekki hefur tekist að finna uppruna hennar þrátt fyrir víðtæka leit. Fulltrúar í skólaráði voru sammála um að komast þyrfti fyrir þessa lykt áður en farið yrði að elda mat í skólaeldhúsinu.

### Úttekt á Árskóla.

Endanleg skýrsla er ekki komin, en verður kynnt skólaráði þegar þar að kemur.

### Fræðslunefnd.

Fulltrúar fræðslunefndar komu í heimsókn í gær og tóku þátt í matsfundi starfsfólks í innra mati. Tillaga kom fram um að skólaráð komi einnig í slíka heimsókn.

### Árvist.

Fyrirspurn kom fram um aðstöðu í búningaklefum fyrir Árvistarnemendur á íþróttæfingum e.h. Svo virðist sem nemendur í Árvist þurfi að klæða sig í íþróttafatnað á salernum í Árvist þar sem ekki er gæsla í klefum í íþróttahúsi. Þetta hefur ekki komið inn á borð stjórnenda áður, en málið verður skoðað og reynt að finna viðunandi lausn.

### Opnun sundlaugar.

Sundlaugin verður væntanlega opnuð 29. apríl. Í skoðun er að setja upp sundnámskeið a.m.k. fyrir 1. - 5. bekk til þess að bæta upp sundtíma sem fallið hafa niður í vetur.

Biðtími nemenda milli skóla og frístundar.

Samræma þarf aðgerðir um eftirlit með hópum sem bíða eftir íþróttaæfingum eftir skólatíma. Óskað er eftir fundi með íþróttahreyfingunni og frístund strax í haust til að reyna að ná utan um þetta. Skólaráð mun hafa frumkvæði að slíkum fundi.

Næsti skólaráðsfundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 15. maí.